

75

25. nóv.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 73 19. júní 1933, um bann við okri, dráttarvexti o. fl.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

2. gr. laga nr. 73 19. júní 1933, um bann við okri, dráttarvexti o. fl., orðist svo: Ef skuld er tryggð með veði í fasteign eða handveði, skal frjálst að taka af henni í ársvexti allt að 6 af hundraði. Nú áskilur Landsbanki Íslands sér hærri vexti af slíkum lánum, og er þá öðrum einnig heimilt að semja um hærri ársvexti en 6 af hundraði, þó ekki yfir 7 af hundraði. Aldrei má samt semja um hærri vexti samkvæmt þessari heimild en Landsbanki Íslands reiknar sér á sama tíma.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 25. nóvember 1952.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Björn Ólafsson.

76

26. nóv.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 13 16. marz 1949, um vöruhappdrætti fyrir Samband íslenzkra berklasjúklinga.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

A-liður 1. gr. laganna orðast svo: Hlutatalan má ekki fara fram úr fimmtíu þúsund, er skiptist í 12 flokka á ári hverju, og skal dráttur fara fram fyrir einn flokk 10. janúar ár hvert og síðan 5. dag hvers mánaðar.

2. gr.

C-liður 1. gr. laganna orðast svo: Vinningar skulu vera að verðmæti samtals að minnsta kosti 40% af iðgjöldunum samantöldum í öllum 12 flokkum.

3. gr.

Á eftir 1. gr. laganna kemur ný grein, er orðast svo: Vinningar í vöruhappdrætti fyrir Samband íslenzkra berklasjúklinga skulu undanþegnir hvers konar opinberum gjöldum, öðrum en eignarskatti, á því ári, sem þeir falla til útborgunar.